

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra vegna Rauðuskriðna.

Skipulagsstofnun staðfesti 20. júní 2024 breytingu á aðalskipulagi Rangárþingi eystra 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 21. mars 2024.

Í breytingunni felst að skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði VB38 að Rauðuskriðum vegna áforma um uppbyggingu allt að 25 gestahúsa fyrir allt að 50 gesti. Landbúnaðarsvæði L1 minnkar sem breytingunni nemur. Þá er frístundabyggð F21 minnkuð um 0,9 ha og svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði L1 en þar er gert ráð fyrir íbúðarlóð.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 20. júní 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 5. júlí 2024